

## 16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 471, 15. ágúst 1994, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 593/1987,  
um þungaskatt, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 652/1994, orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	103.309	2800-2999	169.834
1000-1999	132.053	3000-3199	177.390
2000-2199	139.609	3200-3399	184.947
2200-2399	147.165	3400-3599	192.503
2400-2599	154.722	3600-3799	200.059
2600-2799	162.278	3800-3999	207.616

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	134.302	2800-2999	220.784
1000-1999	171.668	3000-3199	230.608
2000-2199	181.492	3200-3399	240.431
2200-2399	191.315	3400-3599	250.254
2400-2599	201.138	3600-3799	260.077
2600-2799	210.961	3800-3999	269.900

## 2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 652/1994, orðist svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0-4,9	7,09	15,0-15,9	15,07
5,0-5,9	7,54	16,0-16,9	16,27
6,0-6,9	8,15	17,0-17,9	17,45
7,0-7,9	8,56	18,0-18,9	18,51
8,0-8,9	8,93	19,0-19,9	19,92
9,0-9,9	9,33	20,0-20,9	20,98
10,0-10,9	9,90	21,0-21,9	22,19
11,0-11,9	10,27	22,0-22,9	23,59
12,0-12,9	11,57	23,0-23,9	24,71
13,0-13,9	12,65	24,0-24,9	25,83
14,0-14,9	14,00	25,0 og þyngri	27,09

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sett skv. heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr., tekur þó gildi strax að loknu 1. álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1996, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

*Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1995.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

## 1. gr.

Fjárhæðir eftirtalinna bótaflokka, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993, skulu hækka frá 1. janúar 1996 að telja um 3,5% frá því sem þær voru í nóvember 1995:

- ellilífeyrir
- örorkulífeyrir
- fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar
- sjúkradagpeningar
- tekjutrygging
- heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót.